

Mánudaginn 29. okt. 1934.

Nr. 95/1934. **Réttvísinn** (Guðm. Ólafsson)

gegn

**Magnúsi V. Guðmundssyni og Skúla  
Sigurðssyni** (Lárus Jóhannesson)

Innbrot.

*Dómur aukaréttar Reykjavíkur 11. apríl 1934: Ákærðir Magnús Valentínus Guðmundsson og Skúli Sigurðsson sæti hvor um sig fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 3 mánuði. Þeir greiði og in solidum allan kostnað sakarinnar.*

*Dómi þessum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.*

#### **Dómur hæstaréttar.**

Samkvæmt ástæðum þeim, sem í hinum áfrýjaða dómi greinir, þykir mega staðfesta hann, þó með þeim viðauka, að fresta skal fullnustu refsingar hinna ákærðu og niður skal hún falla að 5 árum liðnum, ef skilorð laga nr. 39/1907 verða haldin.

Hinir ákærðu greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflytningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 60 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo að fullnustu refsingar hinna ákærðu skal fresta og niður skal hún falla að fimm árum liðnum, ef skilorð laga nr. 39/1907 verða haldin.

Hinir ákærðu Magnús V. Guðmundsson og Skúli Sigurðsson greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal málflytningslaun skipaðs sækjanda og verjanda

fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna, Guðmundar Ólafssonar og Lárusar Jóhannessonar, 60 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af réttvísinnar hálfu höfðað gegn Magnúsi Valentínusi Guðmundssyni, hjólhestaviðgerðarmanni, til heimilis í Kirkjustræti 2, og Skúla Sigurðssyni, sjómanni, til heimilis á Lindargötu 34, fyrir brot gegn ákvæðum 23. kapítula hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869 og lögum nr. 51 frá 1928, um nokkrar breytingar til bráðabirgða á hegningarlöggjöfinni og viðauka við hana.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina. Nóttina milli 4. og 5. þ. m. var framið innbrot í verzlun G. Bjarnasonar & Fjeldsted í Aðalstræti, og hárgreiðslustofu frú Hobbs í sömu götu, og einnig gerð tilraun til þess að brjótast inn í verzlun Silla & Valda við sömu götu og iennig í sjálfsalann í Austurstræti 14.

Daginn eftir náði lögreglan í ákærðu í máli þessu, með því að hún hafði þá grunaða um innbrot þessi. Játuðu þeir þegar að hafa verið þarna að verki, og skýrðu þannig frá málavöxtum:

Ákærður, Skúli, kveðst um klukkan 9 hinn 4. þ. m. hafa komið á hjólhestaviðgerðarverkstæði Magnúsar Guðmundssonar. Var hann þá dálítið eitt undir áhrifum áfengis. Taladist síðan svo til milli þeirra, að þeir næðu sér í áfengi og kveðst ákærður, Skúli, hafa farið til manns eins hér í bænum og keypt hjá honum eina flösku af portvíni. Er þeir höfðu drukkið þetta, kveðst ákærður, Skúli, hafa farið aftur af stað og keypt af öðrum manni aðra flösku og drukku þeir hana. Um miðnættið hætti ákærður, Magnús, að vinna á verkstæðinu, og fóru þeir þá saman út. Reikuðu þeir þá víða um bæinn, meðal annars kváðust þeir hafa komið við á Lindargötu 30 og keypt þar eina flösku af áfengi til viðbótar. Seinni part næturinnar komu þeir svo að sjálfsalanum, sem er við húsið Austurstræti 14. Kom þeim þá saman um að reyna að ná sér í cigarettur úr sjálfsala

Þessum. Fóru þeir því fyrst aftur inn á verkstæði Magnúsar og náðu þar í skrúfjárn, sem Magnús átti þar, fóru síðan að sjálfsalanum aftur og braut Magnús með því litlu rúðuna, sem er í röndinni á sjálfsalahurðinni, og reyndi svo til að sprengja upp hurðina með skrúfjárninu, en það tókst ekki. Einnig braut ákærður, Magnús, smárúðu í búðarhurð í Soffiubúð Vallarstrætis megin.

Er ákærðir náðu ekki cigarettum úr sjálfsalanum, kom þeim saman um, að fara vestur Aðalstræti og brjótast inn í sölubúð Silla & Valda. Klifraðist ákærður, Skúli, strax yfir portið, sem er bak við verzlunina og stóð þar á slagbrandi, sem er innan á porthurðinni og sagði Magnúsi að koma á eftir sér. En Magnús taldi betra að ekki færi nema annar inn, réttara væri að einungis annar hefði áhættuna. Skúli fór því niður í portið og braut með fótunum rúður úr tveimur gluggum á bakhlið hússins, en komst þó ekki inn með því að sterkir járnrimlar voru fyrir öðrum glugganum innanverðum, en borðum hafði verið slegið fyrir hinn gluggann að innanverðu. Leitaði ákærður nú að þriðja glugganum, sem hann hélt einnig að væri á verzlun Silla & Valda, braut hann rúðurnar í þeim glugga á sama hátt og hann hafði gert við hina gluggana. Þann glugga gat ákærður krækt upp, er hann hafði brotið rúðurnar og fór þar inn. Þar inni fann ákærður ekkert nema krem og púðurdósir og hafði nokkuð af þeim á brott með sér. Leitaði hann þar í peningakassanum, en fann enga peninga, fór síðan út sömu leið og hann kom, hitti Magnús fyrir utan, fóru þeir síðan báðir heim til Magnúsar, en földu áður púðurdósirnar bak við Herkatalann.

Eftir skamma viðdvöl fóru þeir út aftur. Þótti þeim illt að hafa ekki náð í cigarettarnar og kom því saman um að reyna að brjótast inn í verzlun Halldórs Gunnarssonar í Aðalstræti. Fór ákærður, Skúli, nú inn í sundið við húsið nr. 6 við Aðalstræti og hugðist að brjótast inn í verzlun Halldórs Gunnarssonar, en fór dyravilt. Braut hann rúðu í hurð, sem er fyrir dyrum, sem liggja inn í verzlun G. Bjarnasonar & Fjeldsted. Gat hann síðan opnað hurðina með því að seilast í gegnum gatið til hleypilássins, sem hurðin var læst með. Er ákærður var kominn inn í búðina heyrði hann að kallað var ofan af loftinu. Hljóp hann þá út, svo fljótt, sem hann mátti, en greip um leið ljósleitan

rykfrakka, sem hékk við dyrnar, og hafði á brott með sér. Mátáði Magnús síðan frakkann, en hann var honum of stór. Frekari innbrot og innbrotstilraunir gerðu ákærðir ekki þessa nótt.

Ákærðir skiluðu þegar til lögreglunnar rykfrakkanum, og 7 púðurdósum, og hefir þessu verið komið til eigendanna. Skaðabótakrafa hefir engin komið fram í máli þessu.

Tveir af mönnum þeim, sem ákærður, Skúli, þóttist hafa keypt vin af, hafa verið yfirheyrðir í máli þessu, en þeir harðlega neitað að hafa selt honum nokkurt vin, og hefir ekki þótt ástæða til að sinna því frekar, þar sem fyrirsjáanlegt var, að ekki var hægt að sanna nokkuð um það, þar sem vitni voru engin að kaupunum.

Ákærðir eru komnir yfir lögaldur sakamanna, Magnús fæddur 19. júlí 1906, en Skúli fæddur 29. dezember 1913. Þeim hefir hvorugum verið refsað fyrir.

Framantalin afbrot hinna ákærðu ber að álit dómarsans að heimfæra undir 6., sbr. 7. grein laga nr. 51, 1928, sbr. 231. grein hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869, sbr. og 45. og 55. greinar sömu laga. Refsing sú, sem þeir hafa tilunnið, hvor um sig, þykir hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 3 mánuði.

Þeir greiði og in solidum allan kostnað sakarinnar.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Miðvikudaginn 31. október 1934.

Nr. 88/1934. **Réttvísing** (Jón Ásbjörnsson)

gegn

**Finnboga Rúti Valdimarssyni og Þórbergi Þórðarsyni**

(Stefán Jóh. Stefánsson).

Brot gegn 88. gr. hegnl.

*Dómur aukaréttar Reykjavíkur 9. apríl 1934: Ákærðir Þórbergur Þórðarson og Finnbogi Rútur Valdimarsson skulu sýknir af ákæru réttvísinnar í máli þessu.*